



# Bláa kort Arion banka

Skilmáli F-5

Viðskiptavinir Arion banka sem hafa í gildi Bláa kortið njóta tryggingaverndar samkvæmt skilmála þessum.

Um þau atriði sem ekki er öðruvísi um samið skv. skilmálum þessum fer eftir ákvæðum laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Helstu þættir tryggingarinnar og hámarksbætur eigin áhættu eru:

Bótapáttur	Hámarksfjárhæð	Eigin áhætta
Ferðaslysatriðing	kr. 4.500.000	
Sjúkrakostnaður	kr. 10.000.000	kr. 25.000*
Ferðarof	kr. 120.000	
Forfallatriðing	kr. 200.000	kr. 15.000*
Samfylgd í neyð	kr. 120.000	
Endurgreiðsla ferðar	kr. 360.000	
Farangurstriðing	kr. 250.000	kr. 25.000
Farangurstöf	kr. 12.000	
Innkaupatriðing	kr. 160.000	kr. 25.000
Ábyrgðatriðing	kr. 40.000.000	kr. 25.000

\* Eigin áhætta fyrir hvern tryggðan.

Korthafar njóta einnig þjónustu **SOS International**, sem er alþjóðleg neyðarþjónusta vegna alvarlegra slysa og veikinda erlendis.

## Skilgreiningar

Í skilmála þessum merkja eftirfarandi hugtök:

**Alfaraleið** er leið sem er farin á vegum eða slóðum. Hugtakið utan alfaraleiðar á við um leið sem ekki tengist endilega vegum, slóðum eða stígum og getur legið um holt og móa skv. 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 60/2013.

**Dvalarkostnaður** merkir gistingu, ferðakostnað og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins hverju sinni.

Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.

**Dvalarland** merkir land þar sem tryggður hefur lögheimili, búsetu vegna náms eða starfs eða hefur búið samfelld í a.m.k. 180 daga.

**Ferðakostnaður** merkir fargjald og gistikostnað.

**Félagið** merkir Vörður tryggingar hf.

**Flutningsslys á munum** merkir atvik þegar almenningsfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum tryggðu munum. Enn fremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila vegna ferðar.

**Korthafi** er sá sem hefur Bláa kortið í gildi.

**Kreditkort** merkir kort gefið út af Arion banka.

**Náinn ættingi** merkir maki, sambýlismaki, foreldri, tengdforeldri, tengdabörn, (gift eða í skráðri sambúð), stjúpbörn, afa eða ömmu, barn, barnabarn, systkini eða unnustu/a tryggðs, systkini sambýlismaka og afi eða amma sambýlismaka.

**Náinn samstarfsmaður** merkir þann sem tryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri.

**Sambýlismaki** merkir að sambúðaraðilar hafi sameiginlegt: a) skráð lögheimili, b) skattframtal eða c) sambúðin hafi sannanlega varað í a.m.k. eitt ár.

**Slys** merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á tryggðum og gerist án vilja hans.

**SOS International** er neyðarþjónusta vegna alvarlegra slysa og veikinda erlendis.

## 1. Kafli. Gildisákvæði

### 1. gr. Hvar og hvenær gildir tryggingin?

- Korthafi nýtur trygginga samkvæmt þessum skilmála meðan kreditkort hans er í gildi og samningur er um tryggingarnar á milli félagsins og Arion banka.
- Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins viðtæka tryggingarskilmála og fyrra kort.
- Tryggingin gildir á ferðalagi frá heimili tryggðs í allt að 60 samfellda ferðadaga.
- Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er tryggingin því aðeins gild þegar a.m.k. helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með Bláa korti tryggðs eða gistirými hafi verið bókað fyrir fram og kortanúmer gefið upp til greiðslu. Skilyrði þessi skulu í öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimili tryggðs.
- Tryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.

### 2. gr. Hver er tryggður?

- Tryggingin nær til korthafa Bláa kortsins sem gefin eru út af Arion banka. Tryggingin nær einnig til maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs.
- Tryggður sem býr utan Íslands er tryggður skv. c. lið 1. gr. þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.

## 2. Kafli. Ferðaslysatrygging

### 3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Verði tryggður fyrir slysi á ferðalagi greiðast bætur í eftirfarandi tilvikum:

- Dánarbætur vegna slyss á ferðalögum
  - Dánarbætur eru kr. 4.500.000
  - Dánarbætur greiðast til þess sem rétt á til bótanna skv. 2. og 3. mgr. 100. gr. laga nr. 30/2004.
- Varanleg örorka, allt að kr. 4.500.000 eftir örorkustigi frá 16% til 100% svo sem hér greinir:

• algjör varanlegur missir sjónar, á öðru auga eða báðum	100%
• missir handar við úlnið eða ofar	100%
• algjör, varanleg lömun annarrar eða beggja handa	100%
• missir fótar við ökkla eða ofar	100%
• algjör, varanleg lömun annars eða beggja fóta	100%
• algjör, ólæknandi vitskerðing	100%
• algjör, ólæknandi lömun	100%
• algjört, ólæknandi heyrnarleysi	50%
• algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra	30%
• missir þumalfingurs hægri handar	20%

Algjör varanleg lömun útlíms bætist sem missir þess útlíms. Önnur varanleg örorka 16% og hærri er einnig bætt en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hliðsjón af töflum Örorkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni. Sé hinn tryggði örvhentur greiðast bætur vegna tjóns á vinstri hendi eins og um þá hægri væri að ræða.

### 4. gr. Takmörkun á bótaskyldu

- Dánarbætur samkvæmt a. lið 3. gr. vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast, takmarkast við 10% af dánarbótum.
- Sé tryggður 60 ára eða eldri verða tryggingarfjárhæðir eftirgreindir hundraðshlutar af hámarksfjárhæðum, sem tilgreindar eru í a. og b. lið 3. gr.

60-61 árs 90%	68-69 ára 50%
62-63 ára 80%	70-71 árs 40%
64-65 ára 70%	72-73 ára 30%

66-67 ára 60%

74 ára og eldri 20%

Bætur vegna a. og b. liða 3. gr. greiðast því aðeins ef slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.

Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem tryggður verður fyrir í einni og sömu ferð verða aldrei hærri en kr. 4.500.000.

### 3. Kafli. Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

#### 5. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur allt að kr. 10.000.000 vegna slyss eða veikinda hvers einstaklings, sem tryggingin nær til.

Félagið bætir eftirfarandi:

- Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð skv. læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að tryggður veikist eða slasast í ferðinni.
- Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við félagið eða SOS INTERNATIONAL.
- Ferðakostnað fylgdarmanns telji læknir þess þörf.
- Kostnað vegna flutnings hins látna til Íslands eða dvalarlands, andist tryggður erlendis, svo og fargjald fylgdarmanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.
- Kostnað við nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að linna þjáningar.

#### 6. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki:

- kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn tryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknikomur, lyfjanotkun, endurhæfingu, ráðgjöf, viðtöl, sérfræði og óhefðbundnar lækningameðferðir.
- kostnað sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi sem Sjúkratryggingar Íslands eru aðilar að.
- kostnað við meðferð og/eða eftir meðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
- meðferðir erlendis sem standa lengur en í 3 mánuði.
- sjúkdóms eða slyss sem á rót sína að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fikniefna.
- ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanlandsferð í stað þeirrar sem rofin var.
- aukinn kostnað við nýja heimferð nema fyrir liggja staðfesting frá sjúkrastofnun erlendis.
- tjón sem rekja má til þess að tryggður:
  - mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða ef heimkomudagur var eftir 32. viku meðgöngu.
  - ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita læknismeðferðar erlendis.
- sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá tryggingaratburði.

#### 7. gr. Tilkynningarskylda

Tryggðum ber að tilkynna félaginu eða SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða alvarleg veikindi tryggðs á ferðalagi erlendis.

#### 8. gr. Eigin áhætta

Hver og einn tryggður ber eigin áhættu kr. 25.000 í hverju tjóni.

### 4. Kafli. Ferðarof

#### 9. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld allt að kr. 120.000 vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands, ef tryggður neyðist til að rjúfa dvöl sína utanlands vegna:

- andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda maka, barna, foreldra, systkina eða annarra náinna ættingja sem búsettur er á Íslandi eða dvalarlandi.
- verulegs eignartjóns á heimili tryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.

#### 10. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki:

- ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanlandsferð í stað þeirrar er rofin var.
- kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.
- kostnað við heimferð, ef ekki liggur fyrir fram greiddur kostnaður við heimferð.

## 5. Kafli. Forfallatrygging

#### 11. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrir fram greiðslu á og ekki fæst endurgreiddur frá öðrum aðilum s.s. kortafyrirtækjum eða ferðaþjónustuaðilum, allt að kr. 200.000 vegna ferðar sem hinn tryggði kemst ekki í ef ástæðan er ein af eftirfarandi:

- andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins tryggða enda vottað af starfandi lækni.
- náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður andist, hljóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda vottað af starfandi lækni.
- vitnaskylda fyrir dómi eða forföll vegna starfa sem tryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta sem leiða af farsótt.
- verulegt eignatjón á heimili tryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- röskun leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningsfarartækis hins tryggða á útleið skv. ferðaáætlun sem honum hefur verið afhent.
- rán flutningsfars.
- ófyrséð tilfærsla á starfi á Íslandi eða dvalarlandi.

Framangreind tilvik skulu vera þess eðlis, að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun. Bætur skv. þessum kafla eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili tryggðs.

#### 12. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki:

- tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem tryggður þjáðist af og/eða var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði óhefðbundin lækningameðferð.
- kröfur vegna hvers kvilla í tengslum við meðgöngu eða fæðingu sem koma upp eftir 36. viku meðgöngutíma sem leiða til forfalla.
- kröfur vegna forfalla sem verða eftir að ferð er hafin frá heimili tryggðs.
- tjón sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:
  - tilskipunum stjórnvalda (nema þeim er varða skyldusóttkví).
  - yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist fyrirkomulag ferðarinnar.
  - tregðu tryggðs til að ferðast eða af bágunum fjárhag hans.
  - útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
  - breyting á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.
  - aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár.
- tjón sem rekja má til þess að tryggður mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomu eða ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.
- tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að fella ferð niður.
- tjón sem hlýst af því að tryggður hefur ekki skráð sig til brottfarar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látin í té og breyting á áætlunartíma hefur ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
- tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tillögu opinbers aðila.
- tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
- tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldproti ferðaskrifstofa og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

**13. gr. Læknisvottorð**

Skila þarf útfylltu læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins þar sem fram koma upplýsingar um veikindi, meðferðir og greiningardag. Finna má eyðublaðið á vordur.is.

**14. gr. Forfallatrygging ferðasala**

Greiði korthafi sérstakt forfallagjald hjá ferðasala, eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar, gildir forfallatrygging viðkomandi ferðasala í stað þessarar.

**15. gr. Eigin áhætta**

Hver og einn tryggður ber eigin áhættu kr. 15.000. Börn tveggja ára og yngri greiða ekki eigin áhættu.

## 6. Kafli. Samfylgd í neyð

**16. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Félagið greiðir:

- nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 120.000 vegna ættingja eða vinar tryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir tryggðum heim samkvæmt lækni ráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða veikinda tryggðs.
- nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 120.000 í samráði við félagið vegna náins ættingja eða vinar tryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða veikinda tryggðs.

## 7. Kafli. Endurgreiðsla ferðar

**17. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Félagið greiðir hlutfallslega allt að kr. 360.000 af óafturkræfum ferðakostnaði tryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem tryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu lækni ráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss.

Bætur greiðast einungis fyrir þann sjúka og þá tryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.

**18. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin tekur ekki til ferðar sem varir 5 daga eða skemur.

## 8. Kafli. Farangurs- og innkaupatrygging

**19. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Félagið greiðir bætur vegna tjóns sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningsslyss.

**20. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Félagið bætir ekki:

- tjón sem verður þegar tryggður gleymir hlut, skilur eftir eða týnir honum.
- hærri upphæð en kr. 160.000 fyrir einstakan hlut, þar eða samstæðu.
- skemmdir sem hljóta af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdum, sem ekki rýra notagildi hins tryggða hlutar.
- skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningsfarartæki hlekkist á.

- e. tjón vegna skemmda á íþróttatækjum í notkun.
- f. tjón sem leiðir af eignaupptöku eða haldi á munum af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.
- g. tjón á frimerkjum, peningum og hvers kyns verðmætum.
- h. tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- i. tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum híbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.
- j. tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.
- k. tjón sem verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem tryggður hefur, af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu, í því landi sem þjófnaður átti sér stað, sé þess kostur, innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.
- l. tjón vegna bruna, nema kviknað hafi í faratæki eða húsnæði.
- m. tjón á reiðhjólum sem geymd eru utandyra.
- n. tölvugögn og hugbúnað.

#### 21. gr. Varúðarreglur

Tryggður skal:

- a. loka gluggum, krækja þá aftur og læsa híbýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir tryggðu munir eru skildir eftir.
- b. ekki skilja við hina tryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.
- c. sjá til þess að hinir tryggðu munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.
- d. ávallt læsa ferðatöskum sínum þegar þær eru ekki í umsjá hans.
- e. gæta fyllsta öryggis við vörslu hins tryggða.

#### 22. gr. Tryggingarfjárhæð

- a. Tryggingarfjárhæð er allt að kr. 250.000 fyrir hvern fullorðinn og allt að kr. 80.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á farangri, sem tryggður hefur með sér á ferðalagi.
- b. Tryggingarfjárhæð er allt að kr. 160.000 fyrir hvern fullorðinn og allt að kr. 80.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á einkamunum, sem tryggður kaupir á ferðalagi erlendis og greiðir að fullu með Bláa kortinu.
- c. Hámarksbætur vegna úra og skartgripa geta aldrei orðið hærri en 50% af tryggingarfjárhæð skv. a. og b. lið.
- d. Hámarksbætur á hverju almanaksári fyrir sig skv. a. og b. lið eru kr. 410.000 fyrir hvern fullorðinn og kr. 160.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs.

#### 23. gr. Tilkynningarskylda

- a. Skilyrði fyrir bótum er að tryggður geri þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað.
- b. Tilkynna skal lögreglu eða viðkomandi yfirvöldum, í því landi sem atburðurinn átti sér stað, um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um. Tjón skal auk þess ávallt tilkynna fararstjóra, hóteli og bílaleigu ef við á.
- c. Tjón í flutningi skal tilkynna flutningsaðila þegar í stað og fá skýrslu þar um.

#### 24. gr. Eigin áhætta

Tryggðir bera eigin áhættu kr. 25.000 í hverjum tjónsatburði.

#### 25. gr. Ákvörðun bóta

Bætur skulu miðast við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðyrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.

Þrátt fyrir 1. mgr. geta afskriftir af eftirfarandi hlutum ekki orðið hærri en fram kemur í töflunni hér á eftir. Afskriftir geta aldrei orðið hærri en 70%.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir á ári eftir það
Fatnaður	1 ár	20%
Rafmagnstæki	1 ár	10%
Myndavélar	1 ár	15%
Reiðhjól	1 ár	15%
Gleraugu og heyrnatæki	1 ár	10%
Skíða-, golf- og útvistarbúnaður	1 ár	10%

Eftirtaldir munir afskrifast að fullu eftir 2 ár:

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir
<b>Snjallsimar og farsimar ásamt fylgihlutum</b>	6 mánaða fresti	25%

Eftirtaldir munir afskrifast að fullu eftir 5 ár:

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir á ári eftir það
<b>Spjaldtölvur og lófatölvur ásamt fylgihlutum</b>	1 ár	25%
<b>Borðtölvur og fartölvur ásamt fylgihlutum</b>	1 ár	25%
<b>Snjallúr og snjalltæki ásamt fylgihlutum</b>	1 ár	25%

## 9. Kafli. Farangurstöf

### 26. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur til kaupa á nauðsynjum þegar tryggður fær farangur sinn ekki afhentan þegar á ákvörðunarstað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu fyrir hverja klukkustund umfram 12 tíma töf kr. 8.000, að hámarki kr. 12.000. Greitt er fyrir hvern tryggðan 16 ára og eldri og til þriggja tryggðra að hámarki vegna hvers tjónsatburðar. Einnig er greitt til barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna.

Bætur skv. þessari grein eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

### 27. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki:

- bætur vegna tafa á farangri þegar tryggður er á heimleið.
- bætur ef töfin stafar af því að tryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmark viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um farþökun.

### 28. gr. Tilkynningarskylda

Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem tímalengd og ástæða tafar kemur skýrt fram.

## 10. Kafli. Ábyrgðartrygging

Almennt bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarreglan og er hún grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi tryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem tryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni, ber tryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Viðurkenning tryggðs á skaðabótaskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Tryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

### 29. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur allt að kr. 40.000.000 vegna:

- líkamstjóns einstaklings sem leiðir af bótaskyldu háttsemi tryggðs.
- tjóns eða skemmda á munum sem leiðir af bótaskyldu atferli tryggðs, athöfn eða athafnaleysi.
- kostnaðar og útgjalda þriðja aðila sem innheimta má hjá tryggðum annað hvort skv. íslenskum lögum eða lögum þess lands þar sem atvikið átti sér stað.
- málsvarnarlauna og annars kostnaðar og útgjalda tryggðs vegna tjóns sem félagið hefur samþykkt að bæta.

### 30. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki tjón sem leiðir af eða tengist:

- eignarhaldi, umráðum eða notkun vélknúinna farartækja.
- ábyrgð vinnuveitanda, ábyrgð samkvæmt samningum eða ábyrgð gagnvart nánum ættingja tryggðs.
- ábyrgð á dýrum sem tilheyra tryggðum, eru í vörslu hans eða umsjá.
- hvers kyns skemmdarverkum, sem unnin eru af ásetningi eða í óvild.
- ábyrgð sem skapast vegna verslunar, viðskipta eða starfs.
- ábyrgð vegna eignarhalds á landi og byggingum.
- notkun skotvopna, fallhlífarstökki, svifflugli, svifdrekaflugli, loftbelgsflugli, skipulögðum íþróttum og atvinnu, sem talist getur lífshættuleg.
- hlutum í eigu þriðja aðila sem skemmast eða tynast á meðan þeir eru í vörslu tryggðs.
- hlutum sem tryggingartaki er með á leigu eða að láni.

### 31. gr. Eigin áhætta

Tryggður ber eigin áhættu kr. 25.000 í hverju tjóni.

## 11. Kafli. Almenn ákvæði

### 32. gr. Tilkynningarskylda

Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Tryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem félagið kann að krefjast til sönnunar kröfu, s.s. læknisfræðileg gögn eða eftir atvikum lögregluskýrslu. Eyðublöð fyrir tjónstilkynningar fást hjá félaginu og á vefsíðu félagsins; [vordur.is](#).

Engum er heimilt án skriflegs samþykkis félagsins að viðurkenna ábyrgð, gefa yfirlýsingar eða aðrar skuldbindingar fyrir þess hönd. Komi til málsóknar vegna kröfu er varðar bótaskyld tjón, eða endurkröfu á þriðja aðila, annast félagið allan rekstur málsins og ræður lögmann að eigin vali.

### 33. gr. Frestur til að tilkynna tjón

Tryggður glatar rétti til bóta ef hann:

- tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
- hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í tryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

### 34. gr. Greiðsla bóta og vextir

- Tjónabætur greiðast inn á bankareikning korthafa, eftir atvikum að frádreginni eigin áhættu.
- Dánar- og örorkubætur greiðast skv. skilmálum eins kreditkorts, en eru að öðru leyti óháðar öðrum tryggingum, sbr. þó ákvæði í 1. kafla um gildisákvæði.
- Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern tryggðan vegna hvers tjónsatburðar.
- Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta bótaskyldu og ákveða fjárhæð bóta.
- Tryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni eftir atvikum skv. 50. eða 123. gr. laga nr. 30/2004.
- Eigi tryggður bótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt tryggðum bætur.
- Við andlát tryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, áskilur það sér rétt til að láta fara fram líkskoðun á eigin kostnað.
- Sé félagið bótaskyld í tjóni skv. tryggingarskilmálum þessum og önnur trygging nær jafnframt til sama tjóns, greiðir félagið eingöngu bætur eftir hlutfallslegri ábyrgð, sbr. þó 14. gr. skilmálans.

### 35. gr. Brot á upplýsingaskyldu - Svik og rangar upplýsingar

Komi í ljós að tryggður eða sá sem kemur fram fyrir hans hönd hafi viðhaft svik til að koma fram kröfu á félagið, fellur niður allur réttur til bóta.

Hafi tryggingartaki eða tryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og tryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004, fellur niður allur réttur til bóta. Hafi tryggingartaki eða tryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. eða 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.



Ef tryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt skilmála þessum og öðrum tryggingarsamningum vegna hins tiltekna tryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004.

**36. gr. Tvitrygging**

Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern tryggðan vegna hvers tjónsatburðar. Ef hagsmunir þeir sem trygging þessi tekur til eru einnig tryggðir með annarri tryggingu getur tryggður valið úr hvaða tryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt tryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkrafíð önnur félög hlutfallslega.

Ákvæði þetta á ekki við um ferðaslysstryggingu.

**37. gr. Endurkröfuréttur**

Eigi tryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt tryggðum bætur. Tryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

**38. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en tryggðs**

Ákvæði, sem kveða á um að réttur tryggðs eða þriðja aðila til bóta úr skaðatryggingum skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis tryggðs, eiga einnig við um samsvarandi háttsemi manns sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða sem og háttsemi maka tryggða sem býr með honum og manns sem hinn tryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 2. mgr. 29. gr. vsl.

**39. gr. Réttur við andlát tryggðs**

Við andlát tryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, hefur félagið rétt til að láta fara fram krufningu.

**40. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi**

Hafi tryggður valdið af ásetningi eða af stórkostlegu gáleysi að tryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr., 89. gr. og 90. gr. laga nr. 30/2004.

**41. gr. Brot á varúðarreglum**

Varúðarreglur eru háttennisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi tryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að tryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í tryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Í ferðaslysstryggingu og sjúkratryggingu er heimild til þess að fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta háð því að tryggður hafi af stórkostlegu gáleysi valdið því að tryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum, sbr. 2. ml. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

**42. gr. Tjónagrunnur**

Öll tjón sem tilkynnt eru til félagsins eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem hýstur er af Creditinfo. Í tjónagrunninn mun félagið skrá kennitölu tjónþola ásamt upplýsingum um tegund tryggingar, tegund tjóns, dagsetningu tjóns, dagsetningu skráningar í tjónagrunninn, staðsetningu tjóns og einkvæmu númeri tjónþola, s.s. númeri ökutækis.

Tilgangurinn með skráningu framangreindra upplýsinga í tjónagrunninn er að reyna að koma í veg fyrir tryggingarsvik og ofgreiðslu tryggingarbóta, s.s. þegar tjónsatvik er tilkynnt til fleiri en eins tryggingafélags án gildra ástæðna. Vinnsla upplýsinga í öðrum tilgangi er óheimil.

Eingöngu þeir starfsmenn félagsins sem starfa að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum og er aðgangur þeirra háður því skilyrði að þeir gefi upp tilefni vinnslunnar í hvert sinn sem upplýsingunum er flett upp. Öllum upplýsingum verður eytt úr tjónagrunninum þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, þó í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu upplýsinganna.

**43. gr. Takmörkun vegna stærri atburða**

Ef í einum og sama tryggingaratburði verður slys á mörgum einstaklingum sem tryggðir eru með ferðatryggingum korthafa kreditkorta, takmarkast heildarbætur félagsins við USD 25 milljónir eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þessa ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðað við bótafjárhæðir sem sérhver bótapegi hefði ella átt rétt til.

#### 44. gr. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, hér eftir pvl.

Persónuupplýsingar eru þær upplýsingar sem hægt er að greina beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn o.fl., sbr. 2. tl. 3. gr. pvl. Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem söfnun, skráning, flokkun, miðlun og dreifing, sbr. 4. tl. 3. gr. pvl.

Persónuverndarstefna félagsins er aðgengileg á heimasíðu félagsins en þar má finna nánari útlistun á því hvernig félagið vinnur persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi. Í persónuverndarstefnu félagsins má einnig finna varðveislutíma persónuupplýsinga, réttindi einstaklinga og tengiliðar upplýsingar persónuverndarfulltrúa félagsins.

#### 45. gr. Meðferð ágreiningsmála

Verði ágreiningur um trygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

Ágreiningi varðandi tryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í tryggingamálum. Tryggingartaki getur aflað sér frekari upplýsinga um úrskurðarnefnd í tryggingarmálum inn á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (fme.is) og heimasíðu nefndarinnar (www.nefndir.is.)

Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### 46. gr. Heimili félagsins og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af tryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### 47. gr. Almennar takmarkanir á bótaskyldu

Félagið bætir ekki tjón sem beint eða óbeint leiðir af:

- a. beitingu eða notkun hvers kyns kjarnorkuvopna eða kjarnorkubúnaðar sem orsakað getur sprengingu, geislun, losun, dreifingu, sleppingu eða leka kjarnakleyfs efnis sem gefur frá sér geislavirkni.
- b. beitingu eða notkun efnavopna sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu, eða leka hvers kyns efnasambands í föstu formi, fljótandi eða loftkenndu.
- c. beitingu eða notkun liffræðilegra vopna, sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu eða leka hvers kyns sjúkdómsvaldandi örvera, lifrænt framleiddra eiturefna (að meðtöldum erfðabreyttum lífverum eða nýjum og óþekktum eiturefnum).
- d. stríði, innrás, hernaðaráttökum, borgarastríði, uppreisn, byltingu, vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, borgararóstum sem jafna má við uppreisn, valdatöku hers eða valdarán.
- e. skaða, kostnað eða útgjöld, hvaða eðlis sem vera kann sem beint eða óbeint orsakast af, eru afleiðingar af eða eiga sér stað í sambandi við hvers kyns aðgerðir, sem gripið er til í því skyni að hafa stjórn á, koma í veg fyrir, bæla niður eða tengjast á einhvern hátt liðum a., b., c. og d. hér að ofan.
- f. fjallaklifri, bjargsigi, fallhlifarstökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svífdrekaflugi, svífflugi, siglingum á bátum sem róíð er niður straumharðar ár og fljót, kappreiðum, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjávar eða neðanjarðar. Sama á við um aðrar áhættuþróttir.
- g. bifreiða- og vélaiþróttum eða notkun vélhjóla, hvort sem tryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun léttis bifhjóls sem er 50 cc eða minna og nær allt að 25 km hraða, sem tekið er á leigu í ferðalagi og fellur undir tryggingu þessa.
- h. slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.
- i. flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
- j. jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkuelsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkuelsneytis.
- k. geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
- l. handalögmálum eða þátttöku í refsiverðum verknaði.
- m. jarðskjálfta, eldgosi, skriðufalli, snjóflóði, vatns- eða sjávarflóði og hvers kyns náttúruhamförum án tillits til orsaka þeirra.
- n. slysum sem eiga sér stað á ferðalögum á Íslandi og rekja má til notkunar skráningarskylds ökutækis sbr. 8. og 9. gr. laga um ökutækjategyggingar nr. 30/2019.

Skilmáli þessi gildir frá 15.01.2023

## 12. SOS INTERNATIONAL

### Neyðarþjónusta vegna slysa og veikinda erlendis.

#### 48. gr. Slysa- og sjúkraþjónusta

Slysa- og sjúkraþjónustan er hluti af sjúkrakostnaðarpætti tryggingarinnar. Fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir er öll ráðgjöf látin ókeypis í té, en innheimt er fyrir veitta aðstoð á kostnaðarverði. Jafnan skal tilkynna SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða sjúkleika tryggðs sem er á ferðalagi erlendis og taka fram að hann sé tryggður með Arion banka kreditkorti.

Þjónusta SOS INTERNATIONAL vegna slyss eða sjúkdóms erlendis greiðist af Arion banka ferðatryggingu korthafa hjá félaginu, að því tilskildu að greiðsla ferðakostnaðar með Arion banka korti hafi verið skv. skilmálum.

Innheimt er fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir á kostnaðarverði, en öll ráðgjöf er veitt ókeypis. Þegar leitað er upplýsinga eða aðstoðar SOS INTERNATIONAL er nauðsynlegt að gefa upp kortanúmer, nafn, kennitölu og heimilisfang korthafa og taka fram að hann sé tryggður með Arion banka kreditkorti.

Reyndir starfsmenn annast eftirfarandi:

- að veita ráðgjöf og gefa upp nöfn, heimilisföng og símanúmer viðurkenndra lækna, læknastofa eða sjúkrahúsa og tannlækna um heim allan.
- að samband verði haft við sjúkrahús og ábyrgð sett fyrir kostnaði, ef þörf krefur.
- að ræða við lækna og starfsmenn sjúkrahúss á yfir 30 tungumálum.
- heimflutningi og besta ferðamáta í samræmi við ástand sjúklings.
- að ætíð þegar þess er þörf verði hjúkrunarfólk látið fylgja sjúklingi.
- að aðstoða við og skipuleggja heimferð ættingja hins sjúka eða slasaða.
- að skipuleggja og aðstoða við heimferð barna hins sjúka eða slasaða í öruggri fylgd fullorðins, sé þess þörf.
- að veita aðstoð vegna almennra tryggingarmála, meðhöndlun slysa og hættuástands.

#### 49. gr. Ferðaðþjónusta

Gefnar eru upplýsingar um eftirfarandi og veitt aðstoð sé þess óskað:

- áritun vegabréfa, ónæmisaðgerðir, veðurfar, ástand vega og skilyrði til ferðalaga, heilbrigðisþjónustu o.fl.
- endurnýjun glataðra eða stolinna vegabréfa, farseðla og ferðaskilríkja.

#### 50. gr. Símaþjónusta í viðlöngum

Neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Sími í Danmörku (45) 70 10 50 50

Fax í Danmörku (45) 70 10 50 56

Netfang [sos@sos.dk](mailto:sos@sos.dk)

Heimasíða [www.sos.dk](http://www.sos.dk)

Vörður Tryggingar hf.

Sími: 354 514 1000

Netfang: [vordur@vordur.is](mailto:vordur@vordur.is)

Heimasíða: [www.vordur.is](http://www.vordur.is)

Neyðarþjónusta Valitor utan opnunartíma Arion banka: 354 525 2000